

**Nr. 109 / 09 Krístrún II RE 477*****Skipverji slasast á höfði***

Skipaskr.nr. 0256  
Smíðaður: Noregi 1964, stál  
Stærð: 199,8 brl. 273,7 bt.  
Mesta lengd: 36,52 m Skráð lengd: 33,55 m  
Breidd: 6,71 m Dýpt: 5,65 m  
Vél: Caterpillar 634 kW, 1988  
Fjöldi skipverja: 14



Krístrún II©Hilmar Snorrason

**Gögn:**  
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 15. febrúar 2010 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

*Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.*

**Atvikalýsing:**

Þann 23. ágúst 2009 var Krístrún II RE 477 á línuveiðum í Kolluál. Veður: A 6-8 m/s

Skipverjar voru að hefja drátt línunnar og færið komið inn. Lás sem festi drekann við línuna dróst inn fyrir dráttarskífu vindunnar áður en rúllumaðurinn, sem stóð í dráttarlúgunni, stöðvaði dráttinn. Hann slakaði því lásnum út fyrir dráttarskífuna og stöðvaði en fór of langt með stjórnhandfangið svo spilið fór yfir í fulla hífingu. Drekinn slóst þá undir rúlluna, sveiflaðist inn um lúguna og í höfuð skipverjans sem féll meðvitundarlaus í þilfarið.

Eftir skoðun á slasaða og ráðleggingar frá lækni var siglt með hann til hafnar í Ólafsvík.

**Við rannsókn kom fram:**

- að þetta var annar túr slasaða á skipinu og hafði hann lokið reynslutíma sínum sem rúllumaður. Hann vissi ekki að reyndari skipverjar höfðu gert athugasemdir við stjórnstöng vindunnar og beðið um viðgerð á henni. Mikið hlaup (dauðablettur) var komið í stöðvunarstöðu hans (kringum núllpunktinn) og því ekki alveg ljóst hvar stöðvunin var;
- að stjórnun vindunnar á þilfarinu er loki í háþrýstilögninni sem stjórnar eingöngu drætti (handfang hreyft til stjórnborða), slökun (handfang hreyft til bakborða) og (þar á milli) stöðvun vindunnar. Handfang lokans var orðið laust í skriðli lokans sökum mikils slits og kjögunar í samsetningunni

svo óljóst var hvar nákvæmlega stöðvunin var. Önnur stjórnun vindunnar er hjá stjórnanda í brú eins og á hraða hennar og afli (átaki);

- að eftir slysið var gert við bilunina og að sögn vélstjóra fer nú ekki á milli mála hvar í færslu skriðilsins stöðvun vindunnar er. Hann kannaðist ekki við aðfinnslur skipverja um bilunina enda var hann ekki búinn að vera á skipinu nema rúma viku þegar slysið varð.

*Nefndarálit:*

Orsök slyssins var bilun vegna slits í stjórnloka vindunnar.